



Fjarfundur í AST ásamt bæjarstjórum á Suðurnesjum

Fundur 19. október 2020 kl. 13:00

Mætt: Grímur Hergeirsson (LSS), Margrét Kristín Pálsdóttir (LSS), Bjarney S. Annelsdóttir (LSS), Gunnar Schram (LSS), Jón Guðlaugsson (BS), Andrea Hauksdóttir (HSS), Fjölur F. Guðmundsson (HSS), Alma María Ragnarsdóttir (HSS), Arngrímur Guðmundsson (LSS), Arnar Steinn Elísson (Svæði2), Kjartan Már Kjartansson (RNB), Fannar Jónasson (GRI), Magnús Stefánsson (SUD), Ásgeir Eiríksson (Vogar), Jón Guðlaugsson (BS) og Hannes Friðriksson (RKÍ).

1. Grímur Hergeirsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna til fundarins.
2. Fjölur, sóttvarnarlæknir umdæmisins fór yfir stöðuna í dag. 54 einstaklingar í einangrun, 49 á svæðinu. Af þeim 11 sem voru með staðfest smit um helgina þá voru 10 í sóttkví.
3. Bjarney, yfirlögregluþjónn, talaði um að nokkrar tilkynningar vegna brota á sóttkví/einangrun. Líka að lögreglumenn hafi þurft að eiga við einstakling sem var að öllum líkindum smitaður ógæfumaður sem erfitt var að ná á.
4. Andrea talaði um allt gengi við. Færum í einkennasýnatökum, bæði í Njarðvík og á landamærum. Spurð um bólusetningu og sagði hún það vera byrjað og en gæti tekið lengri tíma að vinna það vegna anna og vilja ekki safna mörgum saman á sama stað.
5. Jón Guðlaugsson, slökkviliðstjóri talaði um að allt gengi vel og allir starfsmenn við vinnu.
6. Fannar, bæjarstjóri Grindavíkur sagði að allt gengi vel. Talaði um að þau hafi fengið fyrirspurnir varðandi líkamsrækt og fyrirmælin pínulítið óskýr.
7. Kjartan Már, bæjarstjóri RNB talaði að staðan væri svipuð. Ræddi aðeins um grímuskyldu og hvernig aðrir væru að gera það. Hvort að það væri bæjarins að útvega slíkt eða skylda fólk að vera með grímu þegar það kæmi á þeirra starfsstöðvar. Grímuskylda eingöngu þegar ekki er hægt að tryggja 2 metra regluna.
8. Ásgeir, bæjarstjóri í Vogum fór yfir stöðuna. Staðan góð. Ræddi sundmiðstöðina og að það hafi verið talsverða fyrirspurnin um helgina hvort að hún væri opin. Tekin ákvörðun í dag hvort hún verði opnuð eða ekki.
9. Magnús, bæjarstjóri í Suðurnesjabæ fór yfir stöðuna. Sagði að í ráðhúsunum væru þau að bjóða uppá grímur fyrir þá sem koma í húsið.
10. Arnar Steinn frá svæðisstjórn, svæði 2 hjá Landsbjörgu talaði um að staðan sé óbreytt hjá þeim frá síðasta fundi.
11. Sigurgeir Sigmundsson, yfirlögregluþjónn í flugstöð fór yfir stöðuna þar. Sagði að miklar áhyggjur væri að hópi Pólverja sem væru að koma úr orlofi/fríi þaðan og tveir stórir hópar hafa komið þaðan smitaðir. Það eru þeir sem ákveða að fara í sýnatöku. En sagði líka að það



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

væru stórir hópar að koma þaðan sem velja sóttkví. Hann hefði áhyggjur af því og þetta eru einstaklingar sem búa út um allt land. Hann ætlaði sér að ræða þetta betur við Almannavarnardeild RLS og sóttvarnarlækni um hvernig eða hvort hægt sé að bregðast við. Jafnframt það að auka þurfi eftirlit með þeim einstaklingum sem hafa falið sóttkví og eru að koma frá Póllandi.

Grímur talaði um að hittast aftur nk. mánudag. Umræður um vetrarfrí skólanna og mögulegar hópamyndarnir krakka utandyra en líka það að það gæti verið gott að það s'frí í skólum. Grímur vísaði til fundar morgunsins með Þórólfi, Víði og Hrefnu frá Heimili og skóla um þá möguleika sem eru til í stöðunni fyrir foreldra og börn og hvernig hægt er að nýta tímann vel. Næsti fundur ákveðinn þann 26.10.2020 kl. 13:00.

Fundi slitið klukkan 13:20.

Bjarney S. Annelsdóttir, yfirlögregluþjónn